Nr. 38.
30.
júlí.

# Lög

um

## vígslubiskupa.

**Vjer Frederik hinn Áttundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Auk biskups landsins skulu vera hjer á landi tveir vígslubiskupar (officiales) annar í Skálholtsbiskupsdæmi hinu forna, en hinn í Hólabiskupsdæmi hinu forna.

2. gr.

Konungur skipar vígslubiskupana eftir tillögum prestastjettarinnar í hvoru biskupsdæmi; skulu þeir hafa biskupsvígslu. Til vígslukostnaðar, er þeir vígjast, skulu hvorum þeirra greiddar 500 kr. úr landssjóði.

3. gr.

Annar vígslubiskupanna vígir biskup landsins, er svo stendur á, að fráfarandi biskup getur eigi gert það. Í forföllum biskups vígja þeir og presta, hvor í sínu umdæmi.

Fyrir biskupsverk, er þeir vinna í forföllum biskups, greiðist þeim úr landssjóði borgun eftir reikningi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amalíuborg, 30. júlí 1909.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jónsson.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

# Lov

om

## Ordinationsbiskopper.

Nr. 38.
30.
Juli.

**Vi Frederik den Ottende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Foruden Landets Biskop skal der beskikkes 2 Ordinationsbiskopper (officiales) her i Landet, den ene for det gamle Skalholtsbispedømme og den anden for det gamle Holarbispedømme.

§ 2.

Ordinationsbiskopperne beskikkes af Kongen efter Indstilling af Gejstligheden i hvert af de gamle Bispedømmer. De skal modtage Bispeordination. Til Bestridelse af Omkostninger ved Ordinationen erholder de hver for sig af Landskassen 500 Kr.

§ 3.

Den ene af Ordinationsbiskopperne ordinerer Landets Biskop, naar Forholdene medføre, at Ordinationen ikke kan foretages af den fratrædende Biskop. I Biskoppens Forfald kan de ogsaa ordinere Præster, hver inden sit Omraade.

For biskoppelige Embedshandlinger, som de foretager i Biskoppens Forfald, oppebærer de Betaling af Landskassen efter Regning.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 30. Juli 1909.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Frederik R.***

(L. S.)

***Björn Jonsson.***

---

**Islands Ministerium, den 30. Juli 1909.**

***Björn Jonsson.***

*Jon Krabbe,*
kst.